

## AUGLÝSING um hreindýraveiðar árið 2019.

Heimilt er að veiða allt að 1451 hreindýr árið 2019. Þessi heimild er veitt með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum sem kalli á endurskoðun fjölda veiðiheimilda.

Óheimilt er að veiða kálfa. Veturgamlir tarfar eru alfriðaðir og miðast tarfaveiði því við tveggja vetra og eldri tarfa.

Veiðiheimildir árið 2019 skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra:

	Kýr	Tarfar	Alls
Svæði 1	120	124	244
Svæði 2	384	69	453
Svæði 3	65	15	80
Svæði 4	35	24	59
Svæði 5	64	48	112
Svæði 6	75	68	143
Svæði 7	152	26	178
Svæði 8	64	18	82
Svæði 9	84	16	100
<b>Samtals</b>	<b>1043</b>	<b>408</b>	<b>1451</b>

Umhverfisstofnun auglýsir og sér um sölu allra veiðiheimilda.

Veiðisvæðin skiptast þannig eftir sveitarfélögum:

- Svæði 1** Vopnafjarðarhreppur og hluti Fljótsdalshéraðs, þ.e. Jökuldalur norðan Jökulsár á Brú og Jökulsárlíð, hluti Norðurþings, þ.e. gamli Fjallahreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.
- Svæði 2** Fljótsdalshreppur og hluti Fljótsdalshéraðs, áður Jökuldalur austan Jökulsár á Brú, Hróarstunga, Fell, Vellir vestan Grímsár og Skriðdalur vestan Grímsár, Geitdalsár, Hrútár og línu úr Hrútárpollum í Hornbrynju.
- Svæði 3** Borgarfjarðarhreppur og Fljótsdalshérað að hluta, þ.e. Hjaltastaðaþinghá, Eiðaþinghá
- Svæði 4** Seyðisfjörður, Fljótsdalshérað að hluta, þ.e. Vellir austan Grímsár, og Fjarðabyggð að hluta, þ.e. Mjóifjörður.
- Svæði 5** Fjarðabyggð að hluta, þ.e. Eskifjörður, Norðfjörður og Reyðarfjörður.
- Svæði 6** Breiðdalshreppur, hluti Fjarðarbyggðar, þ.e. Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður, hluti Fljótsdalshrepps, þ.e. Skriðdalur austan Grímsár, Geitdalsár, Hrútár og línu úr Hrútárpollum í Hornbrynju.
- Svæði 7** Djúpavogshreppur, áður Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur.
- Svæði 8** Hornafjörður, – áður Bæjarhreppur og Nesjahreppur (Lón og Nes).
- Svæði 9** Hornafjörður, áður Mýrahreppur og Borgarhafnarhreppur (Mýrar og Suðursveit).

Þrátt fyrir skiptingu veiðiheimilda eftir veiðisvæðum getur Umhverfisstofnun, í samráði við Náttúrustofu Austurlands, flutt veiðiheimildir milli samliggjandi veiðisvæða þyki sýnt að hjarðir hafi fært sig milli þessara veiðisvæða eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um stjórn hreindýraveiða nr. 486/2003.

Á veiðisvæði 8 er heimilt að úthluta allt að 34 leyfum af kúaveiði frá 1. til 20. nóvember og á veiðisvæði 9 er heimilt að úthluta allt að 64 dýrum á þessu tímabili til þess að dreifa veiðiálagi á hjarðir á veiðisvæðunum.

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um stjórn hreindýraveiða, nr. 486/2003, er Umhverfisstofnun heimilt að gera ráðstafanir til þess að veiði dreifist sem jafnast á veiðitímann á hverju svæði.

Veiðiheimildir þessar eru auglýstar í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða með áorðnum breytingum, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, sbr. 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með áorðnum breytingum.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 14. febrúar 2019.*

*Hannundur Þórður Hannundsson*  
*Sigríður Jónsdóttir*